

The background of the entire image is a close-up photograph of a field of tall, green grasses. The grasses have long, thin blades and small, light-colored, rounded seed heads or flower spikes at the top. They are densely packed, creating a textured, vertical pattern across the frame.

Orlof 2006

# VRblaðið

2. tbl. 28. árgangur apríl 2006

# í þessu blaði...

04 Sumarleiga - vetrarleiga  
skammtímaleiga

05 Aðalfundur

06 Húsafell

08 Stykkishólmur

09 Súðavík

10 Varmahlíð

11 Hrísey

12 Akureyri

13 Illugastaðir

14 Einarssstaðir

15 Vestmannaeyjar

16 Flúðir

17 Miðhúsaskógur

18 Á vit ævintýranna



23 Laugarvatn


24 Minni-Borg

25 Vaðnes

26 Hraunborgir

27 Ölfusborgir

28 Tjaldvagnar





LEIÐARI

# Breyting á leigu orlofshúsa

Lóan er komin og fólk farið að huga að sumarleyfum sínum. Í þessu VR blaði kynnum við orlofshús og tjaldvagna sem VR býður félagsmönnum sínum til leigu í sumar.

Eins og sjá má höfum við ákveðið að hækka leiguverð á orlofshúsum félagsins í sumar samhliða breytingu á réttinda inneign félagsmannna hjá VR. Stjórn VR hefur ákveðið að leggja til við aðalfund félagsins 24. apríl nk. að stofnaður verði varasjóður félagsmannna þar sem félagsmenn geta safnað upp réttindum sínum yfir lengri tíma en nú býðst og að inneignin fái á sig væxtatekjur eins og sjóðir félagsins ávaxtast.

Betta er gert vegna þess meðal annars að ríkisskattstjóri hefur gefið út að styrkir úr sjúkrasjóði eru skattskyldir með tilheyrandi skerðingu á verðgildi. Ennfremur í ljósi þeirrar staðreyndar að félagsmönnum er almennt ókunnugt um hversu mikil dvolin í orlofshúsum er niðurgreidd og meta hana þar af leiðandi ekki að verðleikum. Raunkostnaður við rekstur hverrar viku í orlofshúsi með heitum potti er u.p.b. 70 þúsund krónur. Þá hefur fjölbreytileikinn í orlofsvalkostum landsmanna margfaldast á undanförnum árum.

Hugmyndin með stofnun varasjóðs er að byggja upp réttindi í nafni hvers félagsmanns sem hann getur nýtt eins og honum hentar. Í sjóðinn munu safnast iðgjöld sem nú renna til styrkja úr sjúkrasjóði ásamt upphæð sem svarar til orlofsávísunar og hluta á niðurgreiðslu orlofsleigu. Við viljum hvetja félagsmenn til að safna upp varasjóði til að mæta áföllum í framtíð eða þörf fyrir endurmenntun. En þeir sem vilja geta áfram nýtt inneign með samsvarandi hætti og nú er, til styrkja vegna líkamsræktar, gleraugnakaupa o.þ.h., eða nýta hana til kaupa á orlofsþjónustu. Meðal inneign félagsmanns í fullu starfi yrði rúmlega 30 þúsund krónur í upphafi og síðan væri það ákvörðun aðalfundar hverju sinni að ákveða framlag hvers árs í varasjóð. Samtrygging félagsins verður óbreytt, s.s. greiðsla sjúkradagpeninga, lögfræðiaðstoð og starfsmenntastyrkir.

Inneign í varasjóði kemur þannig á móti hækkuðu verði orlofshúsa og standa flestir betur að vígi eftir þessa breytingu. Einnig aukast valmöguleikar fólks til að nýta inneignina til annars en leigu á orlofshúsum VR verulega. ■

VR óskar félagsmönnum ánægjulegs orlofs á komandi sumri.

GPP



# Sumarleiga - vetrarleiga skammtímaleiga

## Sumarleiga

Orlofshús VR eru leigð í viku í senn á sumrin. Sækja þarf sérstaklega um með rafrænum hætti á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða sækja sér umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðunni eða á skrifstofunni. Úthlutað er eftir sérstökum reglum þar um, en reglurnar eru birtar í heild sinni á bls. 35.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl og mun úthlutun liggja fyrir í byrjun maí. Allir umsækjendur fá niðurstöðurnar sendar í pósti eða tölvupóstí hvort sem þeir hafa fengið úthlutað eða ekki. Þeir sem fá úthlutað þurfa að ganga frá greiðslu í síðasta lagi 11. maí og fá þá sendan leigusamning heim.

## Tjaldvagnar

Hægt er að leigja tjaldvagna á sama hátt og orlofshús. Þeim er úthlutað 6 daga í senn. Athugið þó að ef það er laus vika fyrir eða eftir

úthlutaða viku er mögulegt að fá hana leigða og hafa vagninn í hálfan mánuð. Sjá nánar á bls. 28.

## Skammtímaleiga

Undanfarin ár hefur verið hægt að sækja um svokallaða skammtímaleigu í ákveðnum húsum og gildir þá sú regla að sá fær húsið sem pantar fyrst, hvort sem er á netinu, í síma eða á skrifstofu VR. Þetta getur verið heppilegt ef þú vilt fremur vera á faraldsfæti en á sama stað í heila viku. Bóka þarf minnst einn virkan dag eða heila helgi, þ.e. frá föstudagi til sunnudags. Frá og með 18. apríl er hægt að bóka hús á þennan hátt. Mögulegt er að bóka 8 vikur fram í tímann. Leiðbeiningar um bókun á skammtímaleigu og nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is).

Eftirfarandi staðir verða í skammtímaleigu fyrir félagsmenn í sumar: Miðhúsaskógr (6 hús),

Einarsstaðir (1 hús), Vaðnes (2 hús), Minni Borg (1 hús), Stykkishólmur (1 íbúð) og Akureyri (2 íbúðir). Verð fyrir einn sólarhring í húsi með potti er kr. 5.500 en annars staðar kr. 4.000. Helgarleiga í húsi með potti er kr. 15.000 en annars staðar kr. 11.400. Verð í Minni Borg er kr. 20.000 fyrir helgina en kr. 8.000 sólarhringurinn.

## Vetrarleiga

Að vetri til eru húsin leigð til félagsmanna yfir helgar, frá föstudagi til sunnudags og gildir þá sú regla að sá fær húsið sem fyrst pantar hvort sem er á netinu, í síma eða á skrifstofunni. Húsin eru ekki leigð lengra fram í tímann en 12 vikur og bókun þarf að greiða innan tveggja daga, annars fellur hún úr gildi. Athugið að húsin í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út af rekstrarfélögum viðkomandi staða á veturna.

# Af hverju hækkar leigan?

Vinsamlegast athugið að leiga orlofshúsa hækkar samhliða fyrirhugaðri stofnun Varasjóðs VR. Í sjóðinn verða greidd iðgjöld sem runnið hafa til styrkja úr sjúkrasjóði ásamt upphæð sem svarar til orlofsávisunar og hluta af niðurgreiðslu orlofshúsa. Orlofsávisun var því ekki send til félagsmanna í ár.

Áður en kemur að greiðslu fyrir dvöl í orlofshúsi/tjaldvagni munu félagsmenn fá sent yfirlit yfir stöðu sína í Varasjóði VR en inneignina má nota til að greiða fyrir orlofshúsið/tjaldvagninn. VR hvetur þó félagsmenn sína til að safna upp varasjóði til að mæta áföllum í framtíð eða þörf fyrir endurmenntun. Varasjóður eykur til muna valfrelsi félagsmanna. Sjá nánar í leiðara formanns á bls. 3.



## Aðalfundur VR

verður haldinn á Nordica hótel  
mánudaginn 24. apríl nk. og hefst  
kl. 19:30.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Laga- og reglugerðabreytingar

- Nýtt nafn
- Stofnun Varasjóðs
- Sameining við Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

**VR**

# Húsafell

VR á þrjú nýleg orlofshús í Húsafelli í Borgarfirði. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetri til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón


Lýkill er í lyklaskáp sem staðsettur er við hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjónaraðilar VR í

Húsafelli er Ferðaþjónustan í Húsafelli, Bergþór Kristleifsson og Hrefna Sigmarsdóttir, símar 435 1550 og 892 1550. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmenn ef eitthvað bjátar á.

## Nágrennið

Skammt frá húsi Ferðaþjónustunnar er fót-boltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt frá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul eru vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en

Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Ekki er langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafoss eru sannkölluð augnayndi. Þá er sögustaðurinn Reykholt skammt undan. Ferðaþjónusta er í Húsafelli yfir sumartímann, sími 435 1550. Þar er að fá algengar mat- og hreinlætisvörur, léttar veitingar, bensín og olíu.



Fjöldi húsa	3
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 27.000

**Vetur**  
Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400

# Húsafell VH

Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar á tvö hús í Húsafelli sem staðsett eru við Birkihlíð 1 og Birkilund 18 og eru þau leigð út til félagsmanna VR á sama hátt og önnur hús.

**Birkihlíð 1** er lítið og notalegt hús. Þar er eitt svefnherbergi með hjónarúmi, koju og svefnlofti þar sem einn til tveir geta sofið. Baðherbergi er með sturtu. Í eldhúsi er eldavélakubbur, lítið sjónvarp, dvd spilari og bækur. Líttill heitur pottur er við húsið og kolagrill.

**Birkilundur 18** er stærra. Þar eru tvö svefnherbergi. Annað með hjónarúmi, hitt með koju. Auk þess er svefnloft með dýnum. Alls tekur húsið 7-8 manns í gistingu. Baðherbergi er með sturtu. Þvottavél með þurrkara er í húsinu, svo og útvarp, sjónvarp, dvd spilari og bækur. Heitur pottur er á verönd og kolagrill. Umsjón er í höndum Ferðaþjónustunnar í Húsafelli og lyklar í lykla-húsum við innganginn eins og hjá húsum VR í Húsafelli, sjá hér til vinstri.



	Birkihlíð	Birkilundur
Fjöldi húsa	1	1
Stærð í m <sup>2</sup>	30	43
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	1	2
Svefnloft	Já	Já
Svefnpláss	4	6
Sængur og koddar	4	6
Borðbúnaður	4	6

### Verð

**Sumar**  
Vika í Birkihlíð kr. 15.400  
Vika í Birkilundi kr. 16.500

**Vetur**  
Helgi í Birkihlíð kr. 7.000  
Helgi í Birkilundi kr. 8.000

# Stykkishólmur

Orlofshús VR í Stykkishólmi er einbýlishús að Sjávarflöt 6 og 2 íbúðir í raðhúsi að Laufásvegi 23 og 25. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; í viku- og skammtímaleigu í sumar en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem staðsettur er við

inngang húsanna og kóða þarf til að sækja hann. Lyklinum er skilað á sama stað.

**Einbýlishús:** Umsjónarmaður að Sjávarflöt 6 er Ingveldur Ingólfssdóttir, Áskinn 1, sími 438 1344. **Raðhús:** Umsjónarmaður að Laufásvegi er Hermann Bragason, Aðalgötu 12, sími 438 1158 og 894 6450.

## Nágrennið

Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi. Þangað eru um 170 km frá Reykjavík eða 2-3 klst. akstur. Ýmislegt er hægt að gera sér til

dægrastytingar í Stykkishólmi, vinsælt er t.d. að ganga út á höfðann á hafnarsvæðinu, einnig er hægt að ganga á fjöru út í Landey. Sundlaug og golfvöllur er á staðnum. Byggðasafn Snæfellinga er til húsa í elsta húsi bæjarins, Norska húsinu. Þá bjóða Eyjaferðir upp á siglingu um Breiðafjörðinn og Ferjan Baldur siglir út í Flatey. Upplýsingamiðstöð ferðamála: sumarsími 438 1150 og vetrarsími 4381750.



	Einbýli	Raðhús
Fjöldi húsa	1	2
Stærð í m <sup>2</sup>	110	60
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	4	3
Svefn loft	Nei	Nei
Svefnpláss	10	6
Sængur og koddar	10	6
Borðbúnaður	10	8

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 27.000  
**Skammtímaleiga**  
Helgi kr. 15.000 - sólarhingur kr. 5.500

**Vetur**  
Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400

# Súðavík

Á Súðavík hefur VR tekið á leigu einbýlishús að Túngötu 16. Húsið er leigt til félagsmanna viku í senn sumarið 2006. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón


Umsjón er í höndum Sumarbyggðar hf., símar 456 4986 og 861 4986. Lyklarnir eru í húsinu á skiptidegi. Hægt er að fá uppbúin rúm gegn aukagjaldi. Vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann, Vilborgu Arnarsdóttur, ef eitt-hvað fer úrskeiðis.

## Nágrennið

Súðavík er um 200 manna sjávarþorp í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, um hálftíma akstur frá Ísafirði. Náttúruunnendur geta valið úr fjölmögum gönguleiðum, farið í fjöruferð, fuglaskoðun og rennt fyrir fisk víða í hreppnum. Einnig er hægt að skreppa í sjóstanga-veiði og áætlunarferðir eru á Hornstrandir. Upplagt er að heimsækja „Raggagarð“ fjölskyldugarð Vestfjarða sem opnaður var síðastliðið sumar.

## Viðburðir í sumar

Helgina 17.-18. júní eru svokallaðir „Bryggjudagar“ sem er fjölskylduháttíð þar sem m.a. er boðið upp á dorgveiði, kappróður, grill, útsýnissiglingu um Jökulfirð og siglingu út í Æðey. Helgina 12.-13. ágúst er „Listasumar“ þar sem tónlist er í hávegum höfð. Upplýsingamiðstöð ferðamála á Vestfjörðum er á Ísafirði, sími 456 5121.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	145
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	4
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	10

## Verð

Sumar  
Vika kr. 22.500

# Varmahlíð

Í Varmahlíð í Skagafirði hefur VR til útleigu 2 orlofshús. Þau standa neðan vegar og eru nr. 1 og 7. Húsin eru leigð til félagsmanna viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja

hann. Lykli er skilað á sama stað.

Umsjónarmaður er á svæðinu er Guðbjörg Guðmannsdóttir, Birkimel 14, í Varmahlíð, sími 892 3080. Ef eitthvað bjátar á vinsamlegst hafið samband við hana.

## Umhverfið

Varmahlíð í Skagafirði er um 294 km. frá Reykjavík og er þekktur áfangastaður ferðamanna á norðurleið. Í Skagafirði eru þekktir sögustaðir í allar áttir og innan við hálfíma akstur til Sauðárkróks. Fjölmörg söfn

eru í Skagafirði svo sem Glaumbæjarsafn, Náttúrugripasafnið í Varmahlíð, Minjasafnið á Sauðárkróki og Vesturfarasetrið á Hofsósi. Mjög góð sundlaug er í Varmahlíð og hesta-leiga á staðnum. Hægt að fara í rafting í Skagafirði, veiðileyfi fást víða og ekki er langt að sigla út í Drangey. Golfvellir eru á Sauðárkróki og í Lónkoti. Upplýsingamiðstöð ferðamála í síma 453 8860.



Fjöldi húsa	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 27.000

**Vetur**  
Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400

# Hrísey

Jónatanshús í Hrísey er aftur í boði fyrir félagsmenn VR í sumar en það hefur verið mjög eftirsótt meðal félagsmanna. Húsið er staðsett inni í miðjum byggðarkjarnanum og þaðan er fallegt útsýni yfir höfnina og inn Eyjafjörðinn. Um er að ræða tvílyft einbýlis-hús uppgert í gamaldags stíl sem verður leigt til félagsmanna í sumar, viku í senn. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12 eða í samræmi við siglingar ferjunnar.


## Lyklar og umsjón

Lyklar að Jónatanshúsi í Hrísey eru afhentir í ferjunni. Umsjónarmaður er Siggína á Hæli, sími 466 3072. Ef fólk óskar eftir kemur hún á dráttarvélinni og ekur farangri á áfangastað gegn vægu gjaldi. Vinsamlegast hafið sam-band við umsjónarmann ef eitthvað fer úrskeiðis.

## Umhverfið

Hríseyjarferja fer frá Árskógssandi á klukku-tíma fresti frá kl. 9:30 til 23:30 yfir sumar-

tímann en Hrísey er önnur stærsta eyja við Ísland á utanverðum Eyjafirði. Þar búa um 250 manns. Náttúrufegurð og fuglalíf er mikil og merktar gönguleiðir fyrir þá sem vilja skoða sig um. Hákarlasafn er í eyjunni, hægt að fara á sjóstöng og leika golf. Á staðnum er einnig sundlaug, pósthús, banki, veitingahús og verslun. Athugið að alls ekki er nauðsynlegt að hafa bílinn með út í Hrísey og algjör-lega bannað er að fara með hunda eða ketti út í eyjuna.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	70
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Já
Svefnpláss	10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10
Uppþvottavél	Já
Hljómfloftningstæki	Já
Videó	Já

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 27.000

# Akureyri

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10 á Akureyri, merktar A, B, C, G og K og að Furulundi 8, íbúð B. Allar íbúðirnar eru á annari hæð og er gengið inn í þær af svöldum hússins. Íbúðirnar eru leigðar til félagsmanna allt árið; í viku eða skammtímaleigu á sumrin en ýmist um helgar eða á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartímar á sumrin eru inn kl. 17 og út kl. 12 en á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar að íbúðunum eru afhentir hjá Securitas - Akureyri ehf., að Tryggvabraut 10. Þar er opið allan sólarhringinn. Lyklum er skilað á sama stað. Umsjón með íbúðunum hefur Securitas, sími 460 6261. Vinsamlegast hafið samband þangað ef eitthvað kemur upp á. Á fyrstu hæð í Furulundi 10 fyrir neðan K-íbúð eru barnarúm, barnastóll, straubretti og straujárn. Þvottaherbergi með þvottavél er á 1. hæð til vinstri handar þegar komið er inn um aðalinngang hússins. Í Furulundi 8 er þvottavél í baðherbergi.

## Akureyri

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna; Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hlíðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útvistarsvæði með leiktaekjum og útigrilli fyrir almenning. Þá er auðvitað hægt að skella sér í sund og á skíði þegar viðrar þannig. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82, sími 462 7733.



	Furul. 10	Furul. 8
Fjöldi íbúða	5	1
Stærð í m <sup>2</sup>	54	54
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	2	2
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	7	4
Sængur og koddar	8	4
Borðbúnaður	8	4

## Verð

**Sumar í Furulundi 10**  
Vika kr. 22.500  
**Skammtímaleiga:**  
Helgi kr. 11.400 - sólarhringur kr. 4.000

**Sumar í Furulundi 8**  
Vika kr. 15.400

**Vetur í Furulundi 10**  
Helgi kr. 11.400 - sólarhringur kr. 2.200

**Vetur í Furulundi 8**  
Helgi kr. 7.000

# Illugastaðir

Á Illugastöðum í Fnjóskadal hefur VR tekið á leigu glænýtt orlofshús. Húsið er leigt til félagsmanna frá 30. júní og fram á haust. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar að orlofshúsini eru afhentir hjá umsjónaraðilum á föstudögum milli kl. 17 og 21, ef komið er á öðrum tíma þarf að láta þá vita. Umsjónaraðilar á svæðinu eru Jón Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttir í síma 462 6199.


Hægt er að leigja rúmföt gegn vægu gjaldi hjá þeim.

## Húsið og umhverfið

Illugastaðir er orlofshúsasvæði um 50 km austan við Akureyri. Á svæðinu er sundlaug með heitum pottum og gufubaði. Auk þess er lítill verslun á staðnum. Þar er einnig minigolf og leiktæki fyrir börnin. Í Vaglaskógi sem er skammt frá orlofssvæðinu er vinsælt útvistarsvæði og margar skemmtilegar gönguleiðir. Lengri gönguleiðir eru einnig yfir

í Eyjafjörð, í Flateyjardal og Fjörður svo eitt-hvað sé nefnt. Um 40 mínútna akstur er til Húsavíkur, en þar er t.d. hægt að skoða náttúrugripasafnið og fara í hvalaskoðun.

Á Illugastöðum má sjá rústir af smiðju Natans Ketilssonar sem var myrtur ásamt Pétri Jónssyni árið 1828. Þessi morð leiddu til síðstu aftöku á Íslandi árið 1830 en þá voru Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson tekin af lífi fyrir verknaðinn.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	48
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

Sumar  
Vika kr. 27.000

# Einarsstaðir

VR hefur til umráða 4 hús að Einarsstöðum, 2 í eigu VR og 2 í eigu annarra. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku í senn á sumrin og einnig í skammtímaleigu. Rekstrarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: Inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru afhentir hjá Guðna Hermannssyni umsjónarmanni í húsi nr. 32 á orlofshúsa- svæðinu. Símar eru 471 1734 og gsm 861

8310. Vinsamlegast hafið samband þangað ef þörf er á aðstoð eða upplýsingum.

## Nágrennið

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassar og rennibrautir eru staðsett á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúrufegurð og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Þá er veðurbliðan Fljótsdalshéraði margrómuð. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum eru veitingahús, hestaleiga, golfvöllur og

vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskógi og að Lagarfljóti og segja má reyndar að allt Austurlandið sé innan seilingar. Meðal annars er gaman er að líta við á Skriðuklaustri og skoða safn Gunnars Gunnarssonar rithöfundar og fá sér kaffiveitingar. Svo fer hver að verða síðastur að njóta náttúrunnar á Kárahnjúkum. Upplýsingamiðstöð Austurlands er á Kaupvangi 10 á Egilsstöðum, sími 471 2320.



Fjöldi húsa	4
Stærð í m <sup>2</sup>	45
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

Vika kr. 22.500

### Skammtímaleiga:

Helgi kr. 11.400 - sólarhringur kr. 4.000

# Vestmannaeyjar

VR hefur til umráða eina íbúð í Vestmannaeyjum, á efri hæð í tvíbýlishúsi við Miðstræti nr. 11. Íbúðin er leigð til félagsmanna í viku í senn sumarið 2006. Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Drífanda sem er í sama húsi og íbúðin, sími 481 2356. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16. Ef komið er með seinni Herjólfvi eða eftir lokun skrifstofu er nauðsynlegt að hringja í skrif-

stofu á opnunartíma varðandi afhendingu lykla. Ef eitthvað kemur uppá hafið samband við skrifstofuna.

## Nágrennið

Daglegar ferðir eru milli lands og Eyja með Herjólfvi, sími 481 2800. Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða; einstaka náttúrufegurð, skemmtileg söfn, hægt er að skreppa á hestbak, fara í Sprönguna og í Herjólfssdal er góður golfvöllur og leiktæki fyrir börn. Góð sundlaug og íþróttamiðstöð eru á staðnum.

Þá er hægt að fara í skoðunarferðir um eyjuna bæði með bátum og rútu. Þjóðhátið er að venju fyrstu helgina í ágúst með öllu því tilheyrandi. Þá hefst Pysjuævintýri um miðjan ágúst. Þá fara ungar sem aldnir á stjá um götur bæjarins með vasaljós að bjarga pysjunum til sjávar. Upplýsingamiðstöð er við Básaskersbryggju, sími 481 3555.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	96
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	12

## Verð

Sumar  
Vika kr. 22.500

# Flúðir

Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð, hús nr. 29, 30 og 30A. Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið; viku í senn á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað.

Umsjónarmenn að Flúðum eru Þóra Bragadóttir og Þórarinn Úlfarsson símar 486 6525 og 893 5456.

## Umhverfið

Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubæði. Margir garðyrkjubændur hafa sest að á Flúðum og þar eru ræktaðir hinir velþekktu Flúðasveppir. Fróðlegt er að skoða

sveppaverksmiðjuna. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Upplýsingar um nágrennið er að fá í ferðaþjónustunni Grund, sími 486 6633.



Fjöldi húsa	3
Stærð í m <sup>2</sup>	54
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 27.000

**Vetur**  
Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400

# Miðhúsaskógr

Í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á félagið alls 20 hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið; ýmist í viku eða skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað.


Umsjónarmaður er á svæðinu yfir summarímann en á veturna hefur Kristín Johansen á Efri-Reykjum umsjón með húsunum, sími umsjónarmanna er 820 1791. Ef eitthvað bjátar á vinsamlegst hafið samband við umsjónarmann.

## Nágrennið

Miðhúsaskógr er í kjarri vöxnu umhverfi, um 20 km. frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús, fjórir leikvellir eru á svæðinu með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á

svæðinu, minigolf og körfuboltavellir við botnlanga 2 og 4. Sundlaugar í nágrenninu eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir. T.d. er 2-3 tíma gangur í Brúarárskörð og skemmtileg og létt gönguleið er meðfram Hrútá. Hægt er að fá göngukort hjá umsjónarmanni.

Sjá umfjöllun um útvist í nágrenni Miðhúsa á næstu opnu.



Fjöldi húsa	20
Stærð í m <sup>2</sup>	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

Vika kr. 27.000

### skammtímaleiga:

Helgi kr. 15.000- sólarhringur kr. 5.500

### Vetur

Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400



# Á vit ævintýranna

Náttúruskoðun í nágrenni Miðhúsaskógar

Texti: Páll Ásgeir Ásgeirsson



**Miðhúsaskógr** er þéttskipað sumar-bústaðasvæði í Biskupstungum í landi jarðarinnar Miðhúsa, vestan við Úthlíð en austan Brúarár. Sumarhúsin standa í skógi-vöxnum jaðri Úthlíðarhrauns sem teygir sig inn til fjalla milli Bjarnarfells og Brúarár. Að baki rísa tignarleg fjöll sem bera nöfn eins og Rauðafell, Högnhöfði og Kálfstindar.

Miðhúsaskógr og nánasta umhverfi hans bjóða upp á margvísleg tækifæri til útvistar og náttúruskoðunar og verður hér reynt að benda á nokkra möguleika. Það er vissulega gaman að vera í sumarbústað og flestir sækja þangað langþráða hvíld og fyrstu dagana í bústaðnum finnst mörgum best að sitja úti á palli og finna friðinn sem seytlar inn í sálina frá náttúrunni eða mýkja þreytta vöðva og lúin bein í heitum potti. En mannskepnunni er ekki eiginlegt að sitja aðgerðalaus og því er freistandi að leggja í leiðangra til þess að kanna umhverfið og komast í nánari snertingu við náttúruna. Sérstaklega eru slíkir leiðangrar vinsælir hjá börnum sem virðast oft þurfa á meiri hreyfingu að halda en fullorðna fólk. Auðveldasti kosturinn er að fara í sund niður í Úthlíð þar sem er afbrigðs aðstaða fyrir ferðafólk. Sundferð og ís á eftir er gott mál en telst varla mikil náttúruskoðun.

### Brúará og Hlauptungufoss

Rétt vestan við Miðhúsaskógr rennur Brúará sem er talsvert vatnsfall. Þar sem brúin liggar yfir ána er gaman að fara í rannsóknarleiðangur og virða fyrir sér þá undarlegu smíð náttúrunnar að áin rennur á löngum köflum að mestu ofan í hyldjúpri gjá í miðjum árfarveginum. Þetta sést hvað best rétt ofan við brúna þar sem dálítill flúð er í ánni og þar sést gjain vel. Nákvæmlega þar var byggð, árið 1824, brú á ánni sem var í rauninni aðeins plankar sem voru lagðir yfir gjána en við venjulegar aðstæður er hægt að vaða grynningarnar alveg út að gjánni og þegar lítið er í ánni má ganga nær þurrum fótum að gjánni sem er fáeinir metrar á breidd. Raunar er ekki allskostar réttnefni að kalla þetta gjá því líklega er hér um að ræða farveg sem áin hefur grafið ofan í mjúkt þursabergið í botninu, Sennilega dregur áin

nafn sitt af þessum sérstæðu kringumstæðum en þjóðsögur eru til um náttúrulegan stein-boga á gjánni sem hafi verið brotinn niður til þess að stemma stigu við umferð flakkara og beiningafólks. Enn má sjá steinboga á gjánni í ánni og einn þeirra er undir gamalli brú rétt ofan við núverandi brú. Sé ánni fylgt til suðurs er ekki langt niður að Hlauptungufossi sem er 3-4 metra há og harla fallegur. Á leiðinni þangað verða á vegi ferðamanns fallegar flúðir þar sem Neðri -Vallá fellur í Brúará. Auðvelt er að eyða góðu síðegi í fossaskoðun og rannsóknir kringum ána án þess að það verði mjög löng gönguferð.

### Gengið í Brúarárskörð

En fyrir þá sem fýsir í virkilega skemmtilegan en svolitið erfiðan leiðangur er hápunkturinn að fara inn í Brúarárskörð. Þau eru milli Högnhöfða og Rauðafells og þar eru upptök Brúarár. Stysta leiðin inn að Brúarárskörðum er að aka stuttan spöl inn frá Úthlíð að Mosaskyggni og ganga þaðan eftir grófri slóð gegnum hraunið inn að Brúarárskörðum. Þetta er um 4 kilómetra gangur hvora leið og rétt að reikna með heilum degi til fararinnar. Þegar komið er inn í Brúarárskörð sýnast þau í fyrstu aðeins vera skarð milli fjalla þar sem áin rennur. Ferðalangur þarf að ganga upp á Lithlöfða austan árinna og upp á brún Kúadals sem er lítið dalverpi inni í fjöllunum og þá blasa gljúfur Brúarár sem er mjög trölls-leg og þar sprettur áin fram í margbreyti-legum uppsprettum og innarlega í gljúfrinu standa sums staðar bunurnar út úr kletta-veggjunum. Af brúnum Kúadals er gott útsýni yfir skörðin en hægt er að fara innar og ganga niður í grasi vaxna brekku sem heitir Tangi en þar þarf að ganga fram á brún til þess að sjá stærsta fossinn í Brúarárskörðum. Það er til-komumikil sjón en gæta þarf að börnum á þessum slóðum og lofthraðdir gætu viljað bíða uppi á brún.

Kúadalur er vissulega undarlegt örnefni því vandséð er að kýr hafi nokku sinni gengið þar. Ofan við Kúadal er hnjkúkur sem heitir Ólafshnjúkur og þar að baki Ólafsdalur. Ef menn hafa áhuga á ganga enn lengra þá er ágætlega fært að ganga áfram austur úr

Kúadal og sem leið liggur upp á topp á Högnhöfða. Þetta er ágætlega fært en af hæsta tindi Högnhöfðans er gríðarlega mikið útsýni og í góðu skyggni geta glöggrir göngumenn skemmt sér við að bera kennsl á fræg kennileiti í mörgum sýslum landsins.

## Á jeppanum

Önnur leið til að skoða Brúaráskörð er fær jeppaeigendum en það er að aka upp frá golfvellinum rétt austan Laugarvatns sem leið liggur upp fjallíð upp að Gullkistu sem er áberandi klettaborg og frábær útsýnisstaður yfir Suðurland. Þaðan liggur vegurinn inn á Rótasand og þar er hægt að aka nánast alveg að Brúaráskörðum en sá galli er á að þar er aðeins hægt að skoða efstu fossana. Ekki er skilti á Rótasandi sem vísar á Brúaráskörð en leiðin er fjólfarin og ætti að vera hægt að finna för eða slóðir af meginleiðinni að skörðunum. Þessi slóð er fær flestum óbreyttum jeppum að sumarlagi og reyndar hægt

þessi leið ekin liggur hún um hlaðið á Hlöðuvöllum undir Hlöðufelli þar sem skáli Ferðafélags Íslands stendur. Við gil sem gengur upp í Hlöðufell að sunnan ekki langt frá skálanum er yfirleitt farið þegar gengið er að þetta tignarlega fjall. Hlöðufell er 1180 metra hátt stapafjall myndað við eldgos undir jöklum og tilheyrir sömu fjallafjölskyldu og Herðubreið og fleiri slík fjöll. Einkenni slíkra fjalla er klettakrans uppi við brúnir sem myndast þegar gosið kemst upp úr jöklinum. Þetta klettabelti er yfirleitt það sem gerir göngu á slík fjöll erfið en á Hlöðufellinu er auðvelt að komast upp úr klettunum við gilið sem minnst er á. Enn annar möguleiki til þess að skoða Brúaráskörð er að fara gangandi inn frá Efstadal og fylgja ánni allt inn í Brúaráskörð og vaða síðan yfir hana við skörðin til þess að ganga upp á Litlhöfða. Þetta er allløng leið en ákaflega fallegt er í kjarrivöxnum hlíðum Efstadalsfjalls meðfram ánni.

þeirra í tærum tjörnum í hrauninu. Við Innri-Tjarnir við Innri-Káláfá eru ótal hólmar og völdundarhús vatna í hrauninu. Kálfárfoss er í Fremri-Káláfá svo ljóst er að margt áhugavert er að skoða í náttúrunni á þessum slóðum þar sem sumarbústaðalandinu þrælskipulögðu af völdum mannanna sleppir og villt náttúran tekur við.


## Á konungaslóðir

Í Miðhúaskógi leynast afar merkar samgönguminjar en það er Konungsvegurinn svokallaði sem lagður var með ærinni fyrirhöfn og miklum tilkostnaði vegna komu Friðriks konungs VIII til Íslands árið 1907. Konungsvegurinn var vagnfær leið frá Þingvöllum austur að Geysi og þaðan í Þjórsártún. Þetta var líklega dýrasta framkvæmd Íslandssögunnar en kostnaðurinn varð 14% af ársútgjöldum ríkissjóðs á þessum tíma. Hluti framkvæmdanna var að gera vagnfæra brú á Brúará og stendur endurbætt útgáfa hennar enn á ánni. Það er nokkuð kaldhæðnislegt að þrátt fyrir alla þessa fyrirhöfn kaus konungur að sitja á hestbakí alla leið en settist aldrei upp í vagn sem sérstaklega hafði verið fluttur til landsins af þessu tilefni og fylgdi honum alla leið.

Vagninn flutti aðallega vínföng og vistir en önnur kerra var með í för sem flutti ferðakamar konungs og ferðafélaga hans og var ekki laust við að alþýða manna skopðist að þessum leiðangri.

Frá gömlu brúnni á Brúará er auðvelt að finna hluta af Konungsveginum sem enn liggur gegnum kjarrið í sömu sveigum og hann var lagður með hökum og skóflum sumarið 1907. Frá brúnni sveigir vegurinn upp með ánni en stefnir svo til austurs. Það er afar skemmtilegt verkefni að ganga frá brúnni heim í bústað í Miðhúaskógi og fylgja konungsveginum og ímynda sér að maður sé í fylgdarliði konungs fyrir heilli öld.

Veginum var á köflum breytt í bílveg síðar en á ásunum fyrir ofan Miðhús sést stór kafli af honum algerlega óbreyttur í 100 ár þótt gras og gróður sé smátt og smátt að færa þessar merku minjar í kaf.



## Brúará

Enn mætti taka sér það skemmtilega verkefni fyrir hendur að ganga meðfram Brúará að austan og rannsaka hvaða henni bætist vatn en mikið vatn sprettur upp í Úthlíðarhrauni og bætist um síðir í Brúará. Innst í hrauninu koma upp lindárnar Innri-Káláfá og Fremri-Káláfá sem báðar falla í Brúará og eru báðar árnar örstuttar og gaman að rannsaka upptök

að halda áfram af Rótasandi inn að Hlöðufelli og komast þaðan á línuveg sem leiðir menn niður á Kjalveg rétt ofan við Gullfoss og gera þannig hringferð um tilkomumikið landslag.

## Gengið á Hlöðufell

Hér má skjóta því inn fyrir þá sem hafa gaman af metnaðarfullum fjallgöngum að sé

## Miðfell

Hægt er að kanna Konungsveginn án mikillar fyrirhafnar en skammt frá veitingastaðnum Réttinni í Úthlíð liggur Konungsvegurinn til austurs og kjörið að fá sér gönguferð eftir honum stuttan spöl. Af þessum slóðum er stutt að fara inn að Miðfelli sem er lágt fell sem sem rís rétt norðan og vestan við Bjarnarfellið. Um það bil fjögurra kílómetra ganga er inn að Miðfelli og venjulega er gengið á fjallið af Miðfellsflötum sem eru undir fjallinu að vestanverðu. Þetta er ekki

erfið ganga og mörgum kemur á óvart þegar upp er komið að lítil tjörn eða stöðuvatn er uppi á fellinu. Annar skemmtilegur möguleiki væri að ganga hringinn í kringum Miðfellið og síðan þvert yfir Úthlíðarhraun til vesturs og koma aftur inn á vegslóða sem liggur aftur niður að sumarbústaðalandinu.

Af leiðinni inn að Miðfelli liggur vegarslóði til hægri upp með Básagili sem er í vesturhlíð Bjarnafells. Í Básagili eru bergbríkur og básar sem gilið dregur nafn sitt af og þar eru upp-

tök Andalækjar undan Úthlíðarhrauni. Þetta er því skemmtilegur könnunarleiðangur fyrir alla aldurshópa að ganga upp í gilið og rannsaka dularheima þess. Um þetta nágrenni og náttúru landsins á þessum slóðum má lesa um í árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1998 sem heitir Fjallajarðir og Framafréttir Biskups-tungna og er aldeilis stórfróðleg bók. Hún er eftir Gísla Sigurðsson sem lengi var ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins en Gísla er alinn upp á þessum slóðum nánar tiltekið í Úthlíð. ■



## Börnin sjá það smáa í náttúrunni

Það er vissulega lofsvert og eftirbreytnivert að lesa sér til um náttúru og söguslóðir áður en haldið er í gönguferð. En séu börn með í förinni verður að gæta þess að taka ekki frá þeim ævintýrið sem felst í því að uppgötva og kanna nýjar slóðir. Ekki er víst að gönguferðin þurfi að vera mjög löng eða erfið ef í henni felst landkönnun og ýmis ævintýri. Börn hrífast mjög auðveldlega af undrum náttúrunnar ef þeir fullorðnu gefa sér tíma til þess að leiða þau á vit hennar. Hér gildir að gefa sér góðan tíma og muna eftir að horfa á það smáa í náttúrunni, anda að sér ilmi blómanna og benda ungum göngugörpum á þann ótrúlega fjölbreytileika sem leynist við fætur okkar hvar sem við förum.

Þegar sólin skín er auðvelt fyrir ung og saklaus hjörtu að ímynda sér að það hafi aldrei neinn vaðið í þessum læk áður eða þessari tjörn og frjór barnshugurinn á auðvelt með að semja sínar eigin sögur um það sem leynist í skóginum eða hvernig fjöllin urðu til eða hvað sem vera skal. Ef okkur tekst vel að fylgja þeim sem yngri eru á vit náttúrunnar er aldrei að vita nema okkur takist líka að varpa af okkur hinum leiðigjarna fullorðinshjúp og finna aftur barnið í hjarta okkar. Eitt af því sem skemmtilegt er að gera á stað eins og þessum er að fylgjast með fuglalífi en skógarþrestir og margskonar smáfuglar eiga

athvarf í birkiskóum eins og þeim sem hér vaxa. Ekki síst finnst börnum gaman að kynnast því undri sem getur verið að fylgjast með framgangi lífsins í einu hreiðri. Gott er að minnast þess að ekki skal koma að hreiðri oftar en þurfa þykir og annan hvern dag er nóg. Ef menn vita vel hvar hreiðrið er að finna er hægt að fylgjast með amstri fuglanna í góðum sjónauka. Við uppsprettur frammi í Úthlíðarhrauni er hægt að rekast á ýmsa andfugla og mófugla ef menn hafa augun hjá sér. Mjög gott er að hafa bók til að glöggva sig á fuglum sem á vegi manns verða og Fuglavísir Jóhanns Óla Hilmarssonar er handhægust bóka til þess að bera með sér í rannsóknum af þessu tagi. Sjónauki og þolinmæði eru einnig nauðsynlegur farangur.

Það skín ekki alltaf sól þegar maður er í sumarbústaðnum en með hæfilegu hugmyndaflugi og aluð er hægt að njóta útvistar við allar aðstæður og kynnast náttúrunni í sínum margbreytilegum myndum.

Hér hefur verið bent á bók Gísla Sigurðssonar frá 1989 sem góða heimild um svæðið en einnig er rétt að skoða ágætar upplýsingar á vefsíðunni [www.uthlid.is](http://www.uthlid.is) þar sem bent er á áhugaverð verkefni í nágrenninu. Góða skemmtun. ■



Hressar saumakonur frá vinstri: Bryndís Elsa Ásgeirsdóttir, Ása Guðný Árnadóttir, Ágústa Haraldsdóttir og Sigurbjörg Lóa Ármannsdóttir.

# Athafnasamar vinkonur

## Bútasaumur í bústað

Margt er sér til gamans gert í orlofshúsum VR. Sumir eyða mestum tíma sínum í útiveru og gönguferðir, veiði, sund og bíltúra, meðan aðrir hafa það notalegt undir teppi með góða bók. Enn aðrir spila og ófáir eyða mestum hluta dvalarinnar í notalegum heitum potti í góðum félagsskap. Sumir hafa það fyrir síð að fara á aðventunni til að föndra, baka smákökur eða skrifa jólakortin og enn aðrir til að flýja allt jólatalistand. Margar hafa þær verið farnar saumaklúbbaferðirnar í gegnum árin í bústaði VR og ganga gjarnan undir nafninu húsmæðraorlof. Fáum sögum fer þó af miklum prjóna- eða saumaskap úr þeim ferðum. VR-blaðið frétti þó af einum alvöru saumaklúbb sem átti vikudvöl í Stykkishólmi nýlega og lék hugur á að vita hvernig þær eyddu dögunum. Við brugðum því undir okkur betri fætinum og ókum af stað í Stykkishólm. Blaðamaður hafði hringt á undan sér og viti menn, bökunarilm lagði fyrir vitin þegar rennt var í hlað. Þær voru fjórar vinkonurnar í bústaðnum sem tóku á móti okkur með kaffi, nýbökuðum vöflum, þeyttum rjóma og heimagerðri sultu. Sú fimmta hafði ekki átt heimangengt að þessu sinni. Allar hafa þær verið félagsmenn VR, ýmist núverandi eða fyrrverandi.

Þessar hressu vinkonur ætluðu að eyða vikunni við bútasaum og aðra handavinnu og buðu okkur að sjá herleghetin. Húsið var fullt af saumagræjum, hálf- og fullunnum teppum, dúkum, þúdum og ýmsu öðru. Þær höfðu haft með sér að heiman

saumavélar, straubretti, straujárn og heilu kassana af efnisbútum og alls kyns saumaverkfærum og höfðu greinilega ekki setið auðum höndum. Þær hafa komið sér upp sérstöku „bústaðakitti“ sem þær fara með í saumaferðirnar og þar er auk verkfæranna sérstakt bútasaumsstell sem var keypt sérstaklega til þessara nota og vakti athygli gestanna. Allt skapar þetta sérstaka stemningu og ekki spillir gott andrúmsloft og vinnugleði.



Aðspurðar sögðust þær hittast hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann með handavinnuna og fara tvisvar á ári í viku-tíma í senn í bústað. Þetta hafa þær gert í nokkur ár. Þær segja þetta heilagar stundir og afraksturinn er mikill. Í fyrra brutu þær þetta upp og fóru saman til Kaupmanna-hafnar, með stefnuna á hannyrdabúðir. Þeim fannst það þó ekki koma í staðinn fyrir bústaðaferð, þær söknuðu þess að hafa ekki eitthvað milli handanna. Þær stöllur vildu taka fram að þetta væri þó alls ekki þrotlaus vinna, því hver hefur sína hentisemi við saumaskapinn. Sumar sauma fram á nött, meðan aðrar fara snemma í bólið með bók og sjálf sagt er að sofa út ef þeim hugnast svo. Þær skiptast svo á um að elda, fara gjarnan eitt kvöldið út að borða og auðvitað oft í pottinn. Aðaltíminn fer hinsvegar í saumaskapinn og tilheyrandi spjall. Þær segja þetta endurnærandi viku en taka það fram að þetta væri ekki hægt nema að eiga góða að sem sjá um heimilið á meðan. Svo hjálpar það auðvitað að eiga skilningsríka vinnuveitendur, segja þessar hressu konur að skilnaði. ■

# Laugarvatn

VR hefur tekið á leigu tvær nýlegar íbúðir í blokk að Laugarbraut 5 á Laugarvatni. Íbúðirnar eru með einu hjónarúmi, einni koju fyrir börn og tvíbreiðum svefnsófa í stofu. Þær eru leigðar til félagsmanna allt árið; í viku senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetrí til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.



## Lyklar og umsjón

Lykill er í lyklaskáp sem staðsettur er við inngang íbúðanna, kóða þarf til að sækja hann. Lykli er skilað á sama stað. Umsjón með húsunum hefur Þórdís Pálmadóttir, Hrísholti 8, sími 868 8150. Vinsamlegast hafið samband við hana ef eitthvað kemur upp á.

## Umhverfið

Laugarvatn er þekktur ferðamannastaður sem fólk sækir í auknum mæli í leit að kyrrð og friðsæld. Þær eru margar göngu- og



skokkleiðir, fögur náttúra, skóglendi mikið og víðlent og stutt í aðra eftirsóttu ferðamannastaði. Báta- og segllbrettaleiga er starfrækt á sumrin, 9 holu golfvöllur er í Miðdal og hestaleiga í Efstadal. Eins og víða í Árnessýslu er jarðhiti mikill og því góð baðaðstaða við Laugarvatn. Þar er 25 metra útisundlaug með heitum pottum og góðri sólbaðsaðstöðu og bullandi hverinn veitir gufunni upp gegnum gólfíð í gufubaðinu. Það er því úr mörgu að velja og staðurinn ekki síðri heim að sækja að vetri en á sumri.

Fjöldi íbúða	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 22.500

**Vetur**  
Helgi kr. 11.400 - sólarhringur kr. 2.200

# Minni-Borg

VR hefur tekið á leigu glæsilegt orlofshús að Minni-Borg í Grímsnesi í um 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Húsið stendur í orlofshúsaklasa í landi Minni-Borgar á hægri hönd þegar ekið er í átt að Laugarvatn frá Reykjavík. Húsið er leigt til félagsmanna allt árið; í skammtímaleigu á sumrin og um helgar og virka daga að vetrí til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar að orlofshúsini eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn. Umsjónarmaður á svæðinu er Úrsúla Filmer, með síma 863 3592. Við hana má hafa samband ef fólk vill fá uppbúin rúm eða ef eitthvað bjátar á.

## Húsið og umhverfið

Húsið er búið glæsilegum húsgögnum. Samtals eru 4 tvíbreið rúm í húsinu og ein koja sem gerir það mjög hentugt fyrir tvær fjölskyldur. Þó er ekki ætlast til að fleiri gisti í

húsinu en 9 manns. Auk alls venjulegs búnaðar er í húsinu uppfvottavél, gasgrill, tvö stór sjónvörp, DVD spilari, útvarp með CD spilara og háháða internettenging. Hægt er að komast í þvottavél og þurrkara í þjónustuhúsi.

Skammt frá orlofshúsabyggðinni að Minni-Borg er nýlenduvöruverslun og bensínsala. Stutt er að skreppa í Prastalund, Sólheimá, Kerið, Laugarvatn eða Gullfoss og Geysi svo eitthvað sé talið.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	80
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	9
Sængur og koddar	9
Borðbúnaður	12

## Verð

**Sumar og vetur**  
Helgi kr. 20.000

**Skammtímaleiga**  
Sólarhringur kr. 8.000

# Vaðnes

Í Vaðnesi í Grímnesi hefur VR til útleigu 2 orlofshús sem staðsett eru við Kjalbraut 8 og 8a. Húsin eru eingöngu leigð til félagsmanna í skammtímaleigu á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lyklar og umsjón

Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við innganginn í hvert hús, kóða þarf til að sækja

hann. Lykli er skilað á sama stað. Yfir vetrartímann er hliðið haft læst og sækja þarf lykil að hliðinu til umsjónarmanns. Umsjónarmaður er á svæðinu er Helga Helgadóttir í Vaðnesi, sími 486 4448 og gsm 893 5248. Hafið samband við hana ef vandamál koma upp.

## Umhverfið

Til þess að komast í bústaðina er ekið sem leið liggar í Þrastalund, framhjá veitingastaðnum í Þrastalundi og áfram en

beygt er til hægri áður en komið er að Kerinu og þaðan er það þríðji afleggjari til vinstri. Húsin standa við Kjalbraut og er bærinn Vaðnes við endann á götunni. Nokkur hús eru í nágrenninu og tilheyrir þeim lítt fót-boltavöllur. Ýmislegt er hægt að gera sér til afþreyingar í nágrenninu. Sundlaug er í Hraunborgum, verslun á Minni-Borg og í Þrastalundi. Golfvellir eru í Öndverðarnesi og Hraunborgum. Laxveiði er í Soginu og silungsveiði í Þingvallavatni. Stutt er að skreppa að Laugarvatni og til Selfoss.



Fjöldi húsa	2
Stærð í m <sup>2</sup>	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

### Sumar

#### Skammtímaleiga:

Helgi kr. 15.000 - sólarhingur kr. 5.500

#### Vetur

Helgi kr. 15.000 - sólarhringur kr. 2.400

# Hraunborgir

VH á eitt orlofshús að Lundeyjarsundi 6, Hraunborgum í Grímsnesi. Húsið er leigt til félagsmanna VR allt árið; viku í senn á sumrin og um helgar og virka daga að vetri til. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn kl. 17 og út kl. 12. Á veturna inn kl. 14 og út kl. 19 alla daga nema föstudaga út kl. 12.

## Lykill

Lykill er í lyklaskáp við innganginn, kóða þarf til að sækja hann. Lyklinum er skilað á sama stað. Ekki var umsjónarmaður til staðar þegar

blaðið fór í prentun. Nánar auglýst síðar.

## Nágrennið

Að Hraunborgum er sundlaug sem opin er alla daga nema föstudaga frá kl. 10-20 en föstudaga frá kl. 10-12 og kl. 17-21. Þar eru 3 heitir pottar og vatnsgufubað. Rólur, sandkassi og vegasalt eru í nágrenni við húsið. Auk þess er minigolf á svæðinu, 9 holu golfvöllur og hjólateiga. Hjólhýsa- og tjaldstæði eru í Hraunborgum. Ferðamannaverslun er á staðnum og verslun að Minni-Borg þar

sem skipulagt hefur verið nýtt orlofs-húsasvæði. Margir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu og stutt er bæði í Kerið, Selfoss, Sólheima og Laugarvatn þar sem sækja má margskonar dægrastyttingu.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	50
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

## Verð

**Sumar**  
Vika kr. 16.500

**Vetur**  
Helgi kr. 8.000

# Ölfusborgir

Ölfusborgir eru í jaðri Hveragerðis, en þar á VR eitt hús, nr. 22 sem nýbúið er að endurnýja að innan. Það er leigt til félagsmanna allt árið, í viku á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum og þá er pantað hjá þeim. Komu- og brottfarartími: Á sumrin inn föstudaga á milli kl. 15:00 - 20:30.

## Lyklar og umsjón


Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni sem er

í þjónustuhúsi þegar komið er inn á svæðið. Sími umsjónarmanns er 483 4260. Lykli er skilað á sama stað. Ef eitthvað bjátar á vin-samlegst hafið samband við umsjónarmann. Opnunartími: Mánudaga - fimmtudga kl. 12:30 - 16:00. Lokað á miðvikudögum. Á föstudögum er opið milli kl. 15:00 - 20:30

## Nágrennið

Frá Hveragerði er fljótfarið til margra merkstu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og

Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, sannkölluð paradís fyrir útvistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Ýmislegt er í boði fyrir ferðamenn í Hveragerði þar er t.d. sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir, gróðurhús og margt fleira. Stutt er í hesta-leigu og veiði. Upplýsingamiðstöð Suðurlands, sími 483 4601 og 898 4601.



Fjöldi húsa	1
Stærð í m <sup>2</sup>	35
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8
Uppþvottavél	Já

## Verð

Sumar  
Vika kr. 27.000



# Í ferðalagið með tjaldvagn

Félagsmenn VR geta sótt um að fá leigða tjaldvagna á sama hátt og orlofshús og verða 30 vagnar til ráðstöfðunar í sumar. Þeir eru leigðir í 6 daga í senn. Athugið þó að ef það er laus vika fyrir eða eftir úthlut-aða viku er mögulegt að fá hana leigða og hafa vagninn í hálfan mánuð. Tjaldvagnarnir eru afhentir að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi og skilað á sama stað milli kl. 10 og 16.

Vagnarnir eru af gerðinni Combi Camp, ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. yfirbreiðslu, varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir 2 potta, hitaofni og gaskút. Athugið að félagsmenn þurfa sjálfir að fylla á kútana.

Gott er að hafa með sér auk matar og hlífðarfatnaðar; spil, borðtusku og viskastykki, næg teppi, lítiinn kúst, vasaljós, alla potta og þönnur og borðbúnað.

## Reglur um tjaldvagna VR

1. Vagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki leyfilegt að lána þá öðrum.
2. Leiðbeiningar um notkun eru í vagninum sem leigutaka er skylt að fara eftir.
3. Bíllinn sem draga á vagninn þarf að hafa viðurkenndan tengibúnað fyrir tjaldvagna.
4. Leigutaki ber ábyrgð á vagninum meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem á hans vegum eru.
5. Óheimilt er að aka með vagninn um óbrúaðar ár, vegatroðninga, götuslóðir, snjóskafla, ís eða læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur.

## Verð

### Sumar

6 dagar kr. 16.500  
13 dagar kr. 26.400

ÁRÍÐANDI

# Heiti potturinn

Látið börnin aldrei vera án  
umsjónar í eða við heita pottinn



Fátt er notalegra en að skella sér í heitan pott og þá gildir einu hvort það er sumar eða vetur. Allt hefur sinn sjarma. Þá vita allir hvaða áhrif vatn hefur á börn, enda eru þau allra duglegust að sulla í pottunum, sérstaklega yfir sumartímann. En aldrei er of varlega farið. Góð regla er að láta börnin aldrei vera án umsjónar í eða við heita pottinn og setjið lokið yfir pottinn þegar hann er ekki í notkun. Gætið einnig að því að prófa hita vatnsins með hendinni áður en stokkið er ofaní.

Hitastýrð blöndunartæki fyrir pottinn eru á vegg í baðherberginu og leiðbeiningar um notkun hans eru í hverju húsi. Vinsamlegast farið eftir þeim. Á pottinum eru tveir yfirfallslokar, annar fyrir börn en hinn fyrir fullorðna. Skrúfið yfir vatnið þegar potturinn er fullur. Ekki er æskilegt að samtímis sé látið renna í pottinn og farið í sturtu. Þá geta ofnar í húsinu kólnað á meðan rennur í pottinn, ef álag á hitaveituna er mikið. Látið vatnið vera í pottinum þegar húsið er yfirgefið.



**Síðasti skiladagur  
umsókna um orlofshús  
og tjaldvagna VR  
er 26. apríl.**

**Umsóknareyðublaðið  
má nálgast á  
skrifstofunni eða á  
heimasíðunni. Einnig  
er hægt að sækja  
beint um á netinu,  
[www.vr.is](http://www.vr.is)**

**VR**



# Búnaður húsanna

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn sína er búnaðurinn miðaður við 8 manns. Þó eru undantekningar á því þar sem húsin eru stærri eða mun minni. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami.

## Ganga má út frá eftirfarandi búnaði í húsunum

Í öllum VR húsum eru sængur og koddar, útvarp með geislaspilara og sjónvarpstæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni er í öllum húsum. Þó eru tvær eldavélarhellur í litla húsinu í Húsafell. Örbylgjuofn er allsstaðar. Í flestum húsum eru kolagrill en þó eru gasgrill í Varmahlíð, raðhúsunum í Stykkishólmi og að Minni Borg. Verandarhúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk áhaldar til eldunar auk venjulegra áhaldar til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC pappír, upppvottalögur og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa. Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar, þar sem sterkari efni henta ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.

## Umgengnisreglur í orlofshúsum VR

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutima stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón, sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast á hans vegum í húsinu á leigutíma.
- Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.
- Leigjandi skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.
- Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.
- Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.
- Ekki er leyfilegt að hafa með sér gæludýr í húsunum.
- Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.

[www.vr.is](http://www.vr.is)

# Orlofshúsin á netinu

## Sparaðu tíma og bókaðu orlofshús á netinu

Nú er hægt að sækja um orlofshús fyrir sumarið á netinu. Auk hefðbundinna umsókna um orlofshús í úthlutun er hægt að bóka hús í skammtímaleigu á netinu sem og orlofshús sem losna eftir úthlutun en þau er hægt að bóka í viku í senn.

### Umsókn um orlofshús - Úthlutun

Umsóknarfrestur um orlofshús sumarið 2006 er til og með 26. apríl. Hægt er að sækja rafrænt um á netinu með því að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Sumarleiga 2006.

### Bóka og greiða hús í skammtímaleigu

VR hefur 13 hús í skammtímaleigu í sumar. Hægt er að bóka og greiða fyrir þau á netinu og fær sa hásið sem bókar fyrstur. Bókunartímabilið er alltaf átta vikur fram í tímann og er uppfært vikulega, á föstudingum og bætist þá ein vika við.

**Dæmi:** Föstudaginn 21. apríl er hægt að bóka hús í skammtímaleigu til og með föstudeginum 16. júní. Viku síðar, eða föstudaginn 28. apríl,

bætist ein vika við og er þá hægt að bóka hús í skammtímaleigu til og með föstudeginum 23. júní. Þannig bætist alltaf ein vika við á hverjum föstudegi en bókunartímabilið er alltaf átta vikur fram í tímann í skammtímaleigu. Hægt er að bóka hús í skammtímaleigu með því að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Skammtímaleiga 2006.

### Bóka og greiða laus orlofshús sumarið 2006

Eftir að úthlutun orlofshúsa liggur fyrir losna oftast nokkur hús ein-hverra hluta vegna. Hægt verður að bóka og greiða fyrir þessi hús á netinu á sama hátt og hús í skammtímaleigu og orlofshús að vetri til. Bókunartímabilið er hins vegar 12 vikur fram í tímann en er uppfært á sama hátt og í skammtímaleigu, á hverjum föstudegi þegar ein vika bætist við. Til að bóka og greiða fyrir orlofshús á þennan hátt þarf að fara inn á [www.vr.is](http://www.vr.is), Orlofshús, Bóka orlofshús.




# Umsóknir

Athugið að umsóknareyðublað fylgir ekki þessu blaði eins og venjulega þar sem allur þorri umsókna hefur komið gegnum netið. Eyðublað er hins vegar hægt að nálgast á [www.vr.is](http://www.vr.is) og á skrifstofunni. Einnig er hægt að fá eyðublað sent í pósti eða á faxi ef óskað er eftir.

## MUNIÐ

### Listi yfir það sem oft gleymist

Kaffifilter nr. 4	Hlífðarföt
Viskastykki	Góðir skór
Borðtuskur	Lítil bakpoki
Eldhúsrúllur	Hitabrúsi
Plastfilma	Inniskór
Pvottaklemmur	Sundföt
Krydd	Næg handklæði
Olía til steikingar	Sængur- og koddaver
Sósulitur	Lök
Sykur	Náttföt
Kerti	Myndavél
Eldspýtur	Hleðslutækið
Álpappír	Vasaljós
Kol	Leikföng
Uppkveikilögur	Spil
Handsápa	Lesefni
Sjampó	Góða skapið
Tannburstinn	




### Góða ferð í sólinu

Um fimmhundruð manns verða á vegum VR á sólarströnd í sumar en samið var um ódýrar ferðir til Calpe, Mallorca og Krítar. VR óskar tilvonandi ferðalöngum góðrar ferðar og vonar að dvölin verði ánægjuleg.

### Verslunar- mannahelgin

Hægt verður að bóka verslunarmanna-helgina í skammtímaleigu frá og með 16. júní. Sjá nánari upplýsingar um skammtímaleigu á bls. 4 og á [www.vr.is](http://www.vr.is)



## ÚTHLUTUNARREGLUR

# Orlofshúsa og tjaldvagna

**1.** Fullgildir félagsmenn njóta forgangs við úthlutun orlofshúsa VR, en þó er heimilt að gera undantekningu varðandi öryrkja.

**2.** Úthlutunartímabil sumars er frá lokum maí mánaðar til miðs september ár hvert, u.p.b. 16 vikur.

**3.** Páskaviku er úthlutað á sama hátt og sumartíma.

**4.** Þeir sem sótt hafa um hús en fá ekki úthlutað, fara á biðlista, sem úthlutað er eftir, ef einhver fellur út.

**5.** Ef umsókn berst ekki um tiltekna viku og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það, innan þriggja vikna frá aðalúthlutun, verður húsinu úthlutað til þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun.

**6.** Ef umsækjandi, sem greitt hefur leigugjald, óskar að hætta við leigu, fær hann endurgreitt, ef húsið leigist öðrum.

**7.** Að loknum sumartíma, frá 15. september til 1. maí, að páskum undanskildum, gildir venjuleg vetrarleiga, en þá eru húsin leigð yfir helgi eða heila viku, allt eftir óskum félaga. Umsóknir um vetrarleigu eru afgreidd-

ar í þeirri röð sem þær berast, þó aldrei meira en 3 mánuði fram í tímann.

**8.** Réttur til úthlutunar á orlofshúsi byggist á félagsaldri í VR að frádregnum fyrri úthlutunum orlofshúsa samkvæmt stigafjölda samanber 9. og 10. lið. Stigafjöldi umsækjenda ræður úthlutun. Séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnir að stigum, skal tölva ráða hver fær úthlutað.

**9.** Stig eru reiknuð þannig að hver félagi fær 1 stig fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald enda sé hann orðinn fullgildur

félagsmaður, það eru þeir, sem greitt hafa lágmarksfélagsgjald viðkomandi árs.

**10.** Fyrir hverja úthlutun á orlofshúsi eða tjaldvagni eru dregin af viðkomandi félaga stig, misjafnlega mörg eftir því á hvaða árstíma hann fékk úthlutað. (Sjá töflur).

**11.** Þegar sótt er um orlofshús er hægt að merkja við aðalval og varaval. Úthlutað er eftir stigafjölda umsækjenda. Fái umsækjandi ekki ósk sína uppfyllta skv. aðalvali, þá er varaval hans skoðað og eigi hann rétt samkvæmt því, fær hann úthlutun.

## Frádráttur við úthlutun húsa og tjaldvagna sumar og vetur

	Orlofshús	Tjaldvagnar 6 dagar	Tjaldvagnar 13 dagar
1. júní - 15. júní	20 stig	15 stig	30 stig
16. júní - 15. ágúst	60 stig	30 stig	60 stig
16. ágúst - 15. sept.	20 stig		
Helgarleiga, vetur	10 stig		
Virkir dagar, vetur	0 stig		
Áramót	15 stig		
Páskar	60 stig		
Hálf páskavika	30 stig		

Til frádráttar skv. töflunni  
koma allar úthlutanir frá árinu  
1965 þegar VR bauð fyrst upp  
á orlofshús fyrir félaga sína.

## Skammtímaleiga, frádráttur stiga

Fyrir hvern sólarhring
Frá sumarúthlutun fram í miðjan júní
Frá miðjum júní fram í miðjan ágúst
Frá miðjum ágúst fram í miðjan september

# krossgáta



	ELDUR	LINDAR SÍNING V ARHEFA	MANNS NAFN	TEMJA	SNAK. UR- INN	FLANI HUG- ADAR
			11			
	23					
						4
FOR- VARDI	FOR- VARDI	SNIPE- UR	RAN- FULLS	KROPP- AR	MÁLADI	
LÍK- LIKEN- AR			30			
PSALF- AR	19				FOR- DÝRUR TIL	
EYDA + VEGL				29		
ÝLFUR	8	MÉD- LIMÍA- BASLA MÉD				PEGAR
HEIMSK- INGTAR		II		KVIDINA ÆSA HEOD		
FOR- LÍOT	A AD GLÍKA KUEN- NAFN	STIGA	17			HÚSDÝR
STING	1	STYRKJ- AST				MÝNT
SPMI- RÍTOM- AN DÍORA	15	SPÆLDI SKRÍNH- KOSTUR		SAM- TENG- ING	FÉLAG	Z
ÞÍGUT- UR					REYFI	MUNI V ÓÐA FYRIR
GERIST- TAMT- THÉIN- HEMD	ROKOM- ANDI SKÆIB- DÝRÐ			5		BITI
ELL- EGAR	14					
ÞUEIR EENS	25	BORGAR				
FRA	7	NEMUM				
ÖLDU				VINNVA BTÁLK- AR		
ÞÍGUT- UR	22	HITI JARG- VÖÐLAR			KVEIF EINK- STAFIR	
EYRUM	3				FULL- INN	SKESSA
SSA EFTIR					VEINIR	FISKRA
GLUMPA	10	LITO- SKRÍHN- IN LITU			FRUMM- EFHI	ÞELTI
GARN- ID + GIOTA	13	FORFE- URKA				
						17



## Verðlauna- krossgáta kr. 8000

Lausn krossgátunnar í febrúarblaðinu var orðataltekið: „Stinga hendinni í eigin barm.“ Fjölmargar lausnir bárust og flestar réttar. Vinningshafinn var að þessu sinni Halla Bergsteinsdóttir starfsmaður hjá Lögmönnum í Borgartúni 33. Hún hefur fengið verðlaunin sem eru áttaþúsund krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er að venju málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 5. maí 2006. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifð „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is

# Lyklaskápar

Til hagræðingar  
fyrir félagsmenn



Til að auka þægindi orlofshúsagesta hafa verið settir lyklaskápar við flest húsanna sem til leigu eru fyrir félagsmenn VR í sumar.

Orlofshúsagestir þurfa því ekki sækja lyklana til umsjónarmanns þar sem lyklaskáparnir eru til staðar. Sjá nánar í umfjöllun um hvern stað fyrir sig.

Inni í lyklaskápnum er annar lítill skápur með fjögurra númera stafalás og er rétta númerið prentað á samninginn sem afhentur var við greiðslu orlofshússins. Mjög einfalt er að opna lásin. Tölurnar eru settar á lásin, ýtt á hann, togað og þá opnast lásin auðveldlega og lykillinn að húsinu blasir við. Gott getur verið að hafa með sér vasaljós ef komið er á staðinn eftir að skyggja tekur.

Inni í húsunum er glær plastvasi með blöðum fyrir dvalargesti að fylla út, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir um dvöl sína í húsinu. Við brottför skal setja blaðið í umslagið og lykilinn í skápinn.



## Engin gæludýr

Athugið að gæludýr eru ekki leyfð hvorki í orlofshúsum né tjaldvögnum félagsins. Ástæða þessa er að komið hafa upp alvarleg ofnæmistilfelli í orlofshúsunum vegna þess að þessari reglu hefur ekki verið hlýtt og ber að taka tillit til þess.

## Umgengni lýsir innri manni

Nokkuð hefur borið á slæmri umgengni orlofhúsa undanfarið. Því hefur VR ákveðið að fara í áatak til að vekja til umhugsunar um það hver beri ábyrgð á húsinum og að gestir gangi vel um og þrífi vel eftir sig. VR áskilur sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif ef illa er þrifid við brottför.

Enginn vill koma að húsi þar sem bjórdósir eru í kringum pottinn eða óþrifid klósett.

Göngum vel um VR húsin því þau eru eign okkar allra.



## Ætti hann líka að fá 20% lengra sumarfrí bara af því hann er karlkyns?

Kynjabundinn launamunur á Íslandi er nú að meðaltali um 20%.

Gerð þú þitt til að breyta því,

**Sömu laun fyrir sömu vinnu!**

[www.vr.is](http://www.vr.is)

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

**VR**